

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag íbúðabyggðar við Baughól, Garðarsbraut, Hjarðarhól og Stórhól, Húsavíkurkaupstað.

Húsavíkurbær hefur samþykkt deiliskipulag af íbúðarhúsabyggð við Baughól, Garðarsbraut, Hjarðarhól og Stórhól. Tillagan og uppdráttur voru til kynningar á bæjarskrifstofu Húsavíkur frá og með 2. febrúar til 2. mars 2001. Frestur til að bera fram athugasemdir var til 19. mars 2001. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Húsavík, 24. október 2001.*

**Gaukur Hjartarson**, byggingarfulltrúi Þingeyinga.

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning.

1. gr.

15. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Númeraflutningur skv. 3. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 15. september 2000. Númeraflutningur skv. 4. og 6. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 15. febrúar 2001. Númeraflutningur skv. 5. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2003.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 33. gr laga nr. 107/1999 um fjarskipti og 3. gr. laga nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun, og öðlast þegar gildi.

*Póst- og fjarskiptastofnun, 15. október 2001.*

**Gústav Arnar.**

*Friðrik Pétursson.*

## SAMÞYKKT

### um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Skolp frá húsum í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi skal leiða í gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar Austurlands.

## 2. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsahreinsunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina.

## 3. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Rotþróargjald skal lagt á og innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til Borgarfjarðarhrepps.

## 4. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Borgarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og tekur gildi. janúar 2002.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 19. október 2001.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag Gerðahverfis á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi Gerðahverfis. Breytingarnar felast í því að á reit sunnan Hraungerðis þar sem áður var gæsluvöllur komi 2 einbýlishúsalóðir. Ennfremur verða nokkrar breytingar á legu gatna, sem leiða af tengingu Stóragerðis við Dalsbraut skv. gildandi aðalskipulagi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Akureyri, 29. október 2001.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Kristján Þór Júlíusson** bæjarstjóri.